



Reykjavík 5. nóvember 2020

2011038

0.27

Erindisbréf

starfshóps forsætisnefndar um stefnumótun fyrir alþjóðastarf Alþingis.

Starfshópurinn er skipaður af forsætisnefnd Alþingis, sbr. 1. másl. 5. mgr. 10. gr. laga um þingsköp Alþingis, í þeim tilgangi að taka út alþjóðastarf Alþingis, markmið þess, áherslur og árangur, og koma fram með tillögum að stefnumótun í alþjóðastarfi með hliðsjón af þróun alþjóðamála. Starfshópurinn skipa:

Guðjón S. Brjánsson, 1. varaforseti Alþingis og form. Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins.

Ari Trausti Guðmundsson, form. Íslandsdeildar þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál.

Gunnar Bragi Sveinsson, form. Íslandsdeildar ÖSE-þingsins.

Sigríður Á. Andersen, form. utanríkismálanefndar og form. Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, form. Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Formaður starfshópsins er Guðjón S. Brjánsson.

Hlutverk starfshópsins er að fara yfir áherslur í alþjóðastarfi Alþingis, þær reglur sem gilda um það, fjárveitingu til alþjóðastarfsins og starfsheimildir þess og að koma fram með tillögum að umbótum ef þörf krefur. Þá skal starfshópurinn líta til þróunar á sviði alþjóðamála og skoða hvort ástæða er til að Alþingi gefi ákveðnum viðfangsefnum eða svæðum aukið vægi, en eftir atvikum leggi minni áherslu á annað. Hér má sem dæmi nefna málefni norðurslóða og loftslagsmál, jafnréttismál og önnur mannréttindi. Hafa ber í huga í þessu sambandi þær takmarkanir sem smæð og fjarlægðir setja Alþingi þegar kemur að alþjóðastarfi þingmanna og þjóðþinga, en samhliða metnað til að sinna því vel sem þingið á annað borð tekur þátt í. Starfshópurinn skal hafa samráð við formenn alþjóðanefnda sem ekki eiga sæti í starfshópnum.

Fundir starfshópsins skulu haldnir eftir þörfum. Starfshópurinn skal njóta ráðgjafar og aðstoðar sérfræðinga skrifstofu Alþingis og hafa aðgang að öllum upplýsingum á vegum Alþingis um alþjóðastarfið.

Starfshópurinn skal skila tillögum sínum til forsætisnefndar Alþingis fyrir lok mars 2021.

Steingrímur J. Sigfússon
forseti Alþingis